

## Fundargerð stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

Fundur haldinn mánudaginn 4. júlí klukkan 16:30, Síðumúli 15.

Mættir voru: Daníel Örn Hinriksson, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri sat fundinn.

Fundargerð ritaði Daníel Örn.

### Erindi afgreidd milli funda:

-Undanþágubeiðni frá núgildandi sækiprófsreglum, tegundarhópur 7. Sameiginleg beiðni barst frá deildum að fuglahundadeild undanskilinni, er varðar bráð í sækiprófum. Erindið var sent til dómarráðs eðli málsins samkvæmt sem skilaði álit sínu. Stjórn samþykkti erindið.

-Stjórn staðfesti dómarréttindi Ástu Maríu Guðbergsdóttur á tegundina Afghan hound, að beiðni sýningadómaranefndar.

### **Beiðni félagsmanns um fund með stjórn;**

Félagsmaður hefur óskað eftir fundi með stjórn félagsins til að ræða niðurstöðu stjórnar er varðar undanþágubeiðni frá gildandi reglum um skráningu í ættbók og beiðni um breytingu á sömu reglum er varðar hundakyn félagsmanns. Erindið hefur fengið afgreiðslu innan vísindanefndar félagsins sem hefur gefið álit sitt. Með þeim rökum hefur stjórn félagsins afgreitt erindin og þegar svarað félagsmanni, þann 18. apríl síðastliðinn.

### **Fundur með sýningastjórn**

Erna Sigríður sendi fyrir hönd sýningastjórnar beiðni um fund með stjórn HRFÍ vegna ný afstaðinnar sýningar og komandi sýninga. Mættar fyrir hönd sýningastjórnar voru Erna Sigríður, Hilda Björk og Anna Guðjónsdóttir.

Starfsmannamál sýninga; hugmyndir um að greiða fólki fyrir störf sín. Það er þrautinni þyngra að fá fólk til starfa á sýningum félagsins. Stjórn fær málið til vinnslu.

Upplýsingar um framgang síðustu sýningar; sýningin fór vel fram og almenn ánægja með framgang og framkvæmd. Engar kærur bárust sýningastjórn.

Fullmannaðar komandi sýningar, 8 dómarráð á útisýningum og 7 dómarráð á inni sýningum.

Þá var rætt hlutverk sýninganefndar en hlutverk hennar er að annast verklega framkvæmd sýninga. Í sýninganefnd sitja fulltrúar deilda félagsins en deildir tilnefna nefndarmenn úr sínum röðum (einn eða fleiri) úr sínum röðum.

### **Önnur mál**

Erindi frá smáhundadeild barst 4. júlí vegna hvolpasýningar HRFÍ, Royal Canin og dómarafélags HRFÍ.

Ábending barst frá félagsmanni að ranglega hefðu verið gefnir út meistaratitlar á hunda í tegundarhópi 7 og við nánari skoðun er ljóst að við því verður að bregðast. Til að forðast að misskilningur komi til með að gerast aftur munu stjórnir deilda í tegundarhópi 7 framvegis fá umsóknir um meistaratitla til umsagnar og staðfestingar til útgáfu, líkt og var áður gert.

Íslenskur meistaratitill fyrir hunda í tegundahópi 7 og þær vinnukvaðir sem á tegundirnar eru fyrir þann titil; Samkvæmt sýningareglum (frá 12. mars 2020) segir um íslenska meistaratitla á tegundir innan tegundahópsins :

74. Ákvæði fyrir tegundahóp 7

Hundur í tegundahópi 7 þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að hljóta titlinn íslenskur meistari (ISCh):

a. Að hafa hlotið þrjú meistarastig á sýningum HRFÍ, hjá þremur mismunandi dómurum, þar af eitt stig eftir 24 mánaða aldur (24 mán.+1 dagur).

b. Hundur þarf að vera röntgenmyndaður m.t.t. mjaðmaloss (HD) og niðurstöður þurfa að liggja fyrir.

c. Hundur þarf að hafa varanlegt auðkenni (örmerki /húðflúr).

d. Hundur þarf að standast vinnueiginleikapróf sem hér segir: Að hljóta a.m.k. 2.

einkunn í unghundaflokki eða 3. einkunn í opnum flokki í veiðiprófi viðurkenndu af HRFÍ.

Samkvæmt reglum um veiðipróf fyrir standandi fuglahunda sem tóku gildi 1. mars 2021 segir um mat á vinnuárangri hunda :

4.2.3.Einkunnagjöf

Við prófun í sækigreinum eru veittar 1., 2. eða 3. einkunn Sækja. Fyrir hverja sækigrein er gefin skrifleg umsögn og stig eftir skalanum 0 til 10 stig með 10 stig sem besta árangur. Hundur sem ekki hefur náð minnst 4 í hverri æfingu, skal ekki fá einkunn.

Til að fá 1.einkunn sækja er krafist minnst 8 stiga í hverri grein.

Til að fá 2.einkunn sækja er krafist minnst 6 stiga í hverri grein.

Til að fá 3.einkunn sækja er krafist minnst 4 stiga í hverri sækigrein.

**Einkunnir frá sækiprófum einum telja ekki til árangurs fyrir sýningar eða KF á veiðiprófum.**

Því er ljóst að frá 1. mars 2021 skulu sækipróf fyrir standandi fuglahunda ekki teljast sem viðurkennd veiðipróf fyrir standandi fuglahunda, heldur árangur sem krafist er fyrir árangur í alhliðaveiðiprófi.

Fundi slitið klukkan 18:00